



583. fundur stjórnar SASS

Hótel Selfossi

15. júní 2022, kl. 17:10 – 17:50

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Helgi Kjartansson varaformaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Einar Freyr Elínarson, Grétar Ingi Erlendsson, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir og Friðrik Sigurbjörnsson. Lilja Einarsdóttir boðaði forföll. Þá tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð

Fundargerð 582. fundar staðfest og undirrituð. Einnig eru eldri fundargerðir undirritaðar.

2. Aukaaðalfundur SASS 2022

Formaður kynnir lokadrög að dagskrá komandi aukaaðalfundar SASS sem fram fer á Hótel Selfossi á morgun. Stjórn staðfestir dagskrána.

Lagt er til að Arna Ír Gunnarsdóttir og Bragi Bjarnason hjá Sveitarfélaginu Áborg verði fundarstjórar á aukaaðalfundinum og að Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari. Stjórn samþykkir það fyrir sitt leyti.

3. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Skýrsla framkvæmdastjóra

Formaður og framkvæmdastjóri kynna helstu verkefni í liðnum mánuði og hvað framundan sé.

b. Ósk um kaup á hlut SASS í Túni vottunarstofu ehf.

Framkvæmdastjóri kynnir að borist hafi tilboð í hlut SASS í félaginu Túni vottunarstofu ehf. Stjórn telur tilboðið ásættanlegt og samþykkir það. Framkvæmdastjóra veitt heimild til undirritunar á samningi við kaupanda sem er félagið GBV 17 ehf.

Framkvæmdastjóra falið að yfirfara eignasafn SASS og kanna möguleika á sölu hluta í félögum sem ekki tengjast beint starfsemi samtakanna.

Formaður þakkaði stjórn fyrir gott og gjöfult samstarf á liðnum árum.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 24. júní nk. kl. 13:00.



Fundi slitið kl. 17:50

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Helgi Kjartansson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Grétar Ingi Erlendsson

Ari Björn Thorarensen

Einar Freyr Elínarson

Jóna Sigríður Guðmundsdóttir

Friðrik Sigurbjörnsson